LEIÐBEININGAR

FYRIR

VESTURFARA

Þá er ætla til Bandaríkjanna
í N.- Ameríku eða til Kanada.

000

LANDSBÓKASAFN
Nr 133510

ÚTGEFANDI
NIC. BJARNASON - REYKJAVÍK

LESIÐ VANDLEGA
eftirfarandi leiðbeiningar, hver maður sem hefir í hyggju aðfara til Vesturheims ætti, áður en hann gerir aðrar ráðstafanir, að snúa sjer til Nic. Bjarnason í Reykjavík, til þess að fá borið um það, hvort skjöl og skilríki eru í lagi og fá leiðbeiningar um það sem áfátt kann að vera. Smávægilegar misfellur geta valdið miklum töfum, óþægindum og kostnaði, sje ekki úr þeim bætt í tíma.

Öllum þeim flokkum manna, sem hjer verða taldir, og ekki eru amerískir ríkisborgarar, er bönnuð landsvist í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og geta þeir því ekki fengið innflutningsskýrteini það, er síðar verður getið:

Vitfirringar, fábjánar, geðveikir menn og flogaveikir; menn sem áður hafa fengið geðveikiskast, einu sinni eða oftar; menn sem haldnir eru stöðugri ofdrykkjufýsn; sveitarlimir; betlarar; flækingar; menn sem berklaveikir eru, hverrar tegundar sem er, eða sem haldnir eru einhverjum viðbjóðslegum eða smitnæmum sjúkdómi; menn sem óhraustir eru, andlega eða líkamlega, ef sú óhreysti hefir áhrif á getu þeirra til þess að vinna sjer brauð; menn sem áður hefir verið hegnt fyrir glæp eða sem hafa játað á sig glæp; menn sem aðhyllast fjölkvæni eða trúa á siðferðislegt rjettmæti þess; stjórnleysingjar; syndikalistar; saurlífismenn eða persónur, sem fara vilja til Bandaríkjanna í því skyni að hafa ofan af fyrir sjer með saurlifnaði eða á hvern annan hátt, sem kemur í bága við almennt velsæmi; menn sem ætla að vera í útvegum um saurlífisfólk eða flytja það inn í landið, eða hvaða fólk annað, sem ætlaðar eru ósæmilegar athafnir; fólk sem tekur

peninga fyrir saurlifnað eða er framfært af tekjum af saurlifnaði; fólk sem hvatt hefir verið til þess að flytja til Bandaríkjanna með tilboðum eða vilyrðum um atvinnu, hvort heldur þessi boð eða vilyrði eru sönn eða fölsuð, og gildir þetta um hverskonar störf þar í landi sem nöfnum tjáir að nefna og hvort sem iðnlærðir eða óiðnlærðir menn eiga í hlut; fólk sem fer eftir auglýsingum um atvinnu, (Maður getur því ekki, samkvæmt þessu fengið innflutningsskýrteini, enda þótt hann hafi loforð eða tjái sig hafa loforð fyrir atvinnu); fólk sem ætla má að komist ekki af þar í landi án þess að byggja opinberan styrk; menn sem gerðir hafa verið afturreka vegna einhverra ákvæða í þessum reglum; menn sem ekki hafa greitt sjálfir farseðil sinn eða ferðakostnað, nema því að eins að nægar sönnur sjeu færðar á það, að þeir heyri ekki undir neinn af framangreindum flokkum sem bönnuð er landsvist; menn sem felast í skipum í því skyni, að losna við fargjald; börn innan 16 ára aldurs, ef hvorugt foreldra er í för með því eða ef það fer ekki til annars foreldris eða beggja, nema því að eins að því fylgi fyrirskipuð tryggingarskjöl.

Menn sem haldnir eru kvillum eða kvellisýki, sem bót verður ráðin á, eins og t.d. tannkvillum og sumum

tegundum háls- og augnakvilla o.fl. ættu að gæta þess að fá bót við þeim kvillum áður en þeir snúa sjer til konsúla til rannsóknar eða sækja um innflutningsskýrteini. Sje þessa ekki gætt, veldur það æfinlega talsverðum töfum og getur hæglega leitt til þess, að þeim verði synjað um innflutningsskýrteini.

Ferðamenn skulu gæta þess, þegar þeir snúa sjer til konsúlsins til rannsóknar, að þeir sjeu svo heilir heilsu sem unt er, að hvergi finnist á þeim lús eða nit og sjeu þokkalega og hreinlega til fara o.s.frv., því mjög er undir því komið hvernig menn koma fyrir sjónir og komafram almennt.

Hjer fara á eftir nánari reglur til leiðbeiningar fyrir farþega, er þeir vilja fá vegabrjef, sækja um áritun á vegabrjef eða um innflutningsskýrteini o.fl.

I.

Til Bandaríkjanna.

Ameriskir borgarar þurfa ekki vegabrjef er þeir fara til Ameríku. En þeir verða að færa nægilegar sönnur á borgararjett sinn t.d. með því að sýna ríkisborgarabrjef, fæðingarvottorð (þeir sem yngri eru en 21 árs - skírnarvottorð er ekki æfinlega fullnægjandi) eða önnur sönnunargögn. Ef slík skjöl eru ekki fyrir

hendi, nægir amerískt vegabrjef, jafnvel þótt það sje úr gildi, sje það ekki eldra en tveggja ára. Amerískir borgarar, sem hafa vegabrjef, þurfa ekki að fá það áritað hjá ameriskum konsúl.

Aths. Svo getur staðið á, að menn fæddir í Bandaríkjum N-Ameríku sjeu skoðaðir sem amerískir borgarar, þótt þeir hafi ekki náð 21 árs aldri. Þeir menn geta þó ekki ferðast vegabrjefslausir, en geta fengið það með því að snúa sjer til amerísks konsúls.

Athugið! Þeir sem hafa í höndum svonefnt "frumskjal" (declaration of intention) eru ekki skoðaðir ameriskir borgarar.

II.

Þeir sem eru ekki amerískir borgarar verða að hafa sjerstakt vegabrjef eða sameiginlegt vegabrjef og annast áritun á það, eða útvega sjer innflutningsskýrteini, hafi þeir ekki svonefnt "afturkomuleyfi" (Permit to re-enter).

Tala innborinna Íslendinga, sem leyfa má landgöngu árlega í Bandaríkjunum mun vera um 100, en þó geta ekki fleiri en 10 fengið innflutningsskýrteini á mánuði hverjum. Þetta kallast hin íslenska deildartala, er um mannflutning til Bandaríkjanna er að ræða.

Undanskildir deildarreikningi eru þessir flokkar ferðamanna:

a) Starfsmenn ríkisins, sem ferðast í erindum þess, fjölskylda þeirra og ráðin hjú eða aðstoðarfólk.

b) Verslunarmenn, sem ætla til Bandaríkjanna í verslunarerindum.

c) Ferðamenn, sem fara kynnisför til Bandaríkjanna og ætla að eiga þar viðdvöl um stuttan, ákveðinn tíma. Til þessara ferðamanna telst fólk, sem ferðast sjer til skemtunar eða til stuttrar dvalar hjá vandamönnum o. s. frv. og sem ekki þarf að stunda atvinnu til þess að standa straum af dvalarkostnaði þar. Nafnið ferðamaður er í þessu atriði ekki bundið við það, hvaða flokki ferðamaðurinn annars tilheyrir.

d) Ferðalangar, sem fara þurfa yfir Bandaríkin á leið til annars lands.

Þeir sem taldir eru undir liðunum a), b), c) og d) hjer að framanverða að hafa í höndum vegabrjef áritað af ameriskum konsúl. Þessa áritun geta menn fengið með því að snúa sjer til amerísks konsúls.

Þegar maður biður um slíka áritun verður hann að vera við því búinn, að geta gert konsúlnum fullnægjandi grein fyrir tilgangi sínum með ferðinni, sanna, að hann ætli í raun og veru að koma

aftur og að hann ráði yfir nægilegu fjé til dvalar i Bandaríkjunum o. s. frv., og helst að hafa í höndum farseðil heim.

Svo getur staðið á, að innflutningsyfirvöldin geri kröfu til þess, að ferðamaður afhendi 500 dollara sem tryggingarfje við landgöngu, og verður sú upphæð endurgreidd við heimför innan áskilins tíma.

e) Menn sem búsettir eru í Bandaríkjunum og hafa í höndum afturkomuleyfi (Permit to re-enter).

Farþegar sem nefndir eru undir þessum lið þurfa ekki á vegabrjefi að halda nje fá það áritað af amerískum konsúl.

f) Menn búsettir i Bandaríkjunum, sem ekki hafa afturkomuleyfi, en sem hverfa heim aftur eftir dvöl utanríkis, hafi dvölin ekki farið fram úr 6 mánuðum.

Menn sem nefndir eru undir þessum lið skulu í síðasta lagi fjórum dögum áður en ferðin hefst snúa sjer persónulega til amerísks konsúls og fá svonefnda nonqvota-áritun, og verða þá að hafa í höndum:

1) Löglegt vegabrjef.
2) 2 óupplímdar ljósmyndir.
3) Vottorð um hvenær þeir fóru frá Bandaríkjunum og að þeir hafi í hyggju að hverfa heim aftur.
4) Vottorð um að þeir hafi áður

flutt inn í Bandaríkin á löglegan hátt.

Unglinga og kjöltubörn verður einnig að fara með til konsúls til þess að læknisskoðun á þeim geti farið fram þar.

Ef íslenskur ameríkumaður nær ekki að hverfa heim áður liðnir eru 6 mánuðir, þarf hann áður en sá tími er útrunninn, að snúa sjer til amerísks konsúls og fá nonqvota-innflutningsskýrteini, sem gildir þá enn um 4 mánuði. Menn geta því, sjer að bagalausu dvalið hjer heima sem næst 10 mánuði í senn. Hafi maður ekki utvegað sjer innflutningsskýrteini áður 6 mánuðir eru liðnir verður hann að vera undir það búinn, er hann falast eftir slíku skýrteini hjá konsúl, að hafa með sjer ofangreind skjöl og skilríki og auk þess færa gildar ástæður fyrir því, að dvöl hans hjer hefir dregist yfir 6 mánuði.

g) Börn yngri en 18 ára, þegar foreldrar þeirra eru amerískir borgarar, búsettir í Bandaríkjunum, eða móðir þess gift borgara þar.

Þó verða þeir farþegar, sem nefndir eru í þessum lið, að sækja leyfi til yfirvaldanna í Washington, eigi þeir að geta fengið far

an annara skilríkja. Nánari leiðbeiningar um þetta fást hjá Nic. Bjarnason í Reykjavík.

h) Maður sem verið hefir sóknarprestur í minst 2 síðustu árin áður en hann sækir um leyfi til innflutnings í Bandaríkin, eða sem hefir verið kennari við almennan mentaskóla, lærðan skóla, kennaraskóla eða háskóla, og sem ætlar að gegna áfram sömu stöðu í Bandaríkjunum, einnig kona hans og börn yngri en 18 ára, sem eru í fylgd með honum eða fara til hans síðar.

i) Námsmenn eldri en 15 ára, sem óska að fara til Bandaríkjanna í þeim tilgangi einum, að stunda nám við einhverja mentastofnun þar, sem viðurkend er af atvinnumálaráðuneytinu (Secretary of Labor), og sem hefir í höndum skilríki fyrir því, að honum verði veitt viðtaka til náms við slíka stofnun.

Menn sem heyra undir 2 síðustu liði h) og i) skulu minst 2 dögum fyrir brottfarardag snúa sjer persónulega til amerísks konsúls og sækja um undanþáguskýrteini og skulu þá hafa í höndum:

1) Lögformlegt vegabrjef.
2) 2 óupplímdar ljósmyndir.
3) Glögg skilríki fyrir því, að þeir sjeu þesskonar farþegar sem þeir segjast vera.

4) Vottorð í 2 eintökum um að hafa ekki verið dæmdir fyrir glæp.
5) Aldursvottorð í 2 eintökum.

SKILYRÐI FYRIR ÞVÍ AÐ GETA FENGIÐ KVOTA-SKÝRTEINI.

a. Senda skal umsókn til amerísks konsúls, og þar fást eyðublöð undir umsóknirnar. Í umsókninni spyrst umsækjandi fyrir um það, hvenær konsúllinn geti tekið á móti honum til læknisskoðunar og hvenær innflutningsskýrteinis megi vænta.

b. Þessari umsókn svarar konsúllinn svo fljótt sem við verður komið, og tekur til stað og stundu, þegar umsækjandi skal gefa sig fram til skoðunar. Aths. Ef umsækjandi gefur sig ekki fram á tilskildum tíma fellur umsókn hans úr gildi. Verður hann þá að senda umsókn á ný um innflutningsskýrteini, sem þá fyrst verður tekin til greina, eftir að afgreiddar hafa verið allar aðrar umsóknir sem fyrir liggja, svo sem hefði hin fyrri umsókn aldrei komið fram.

c. Hver farþegi verður að afla sjer og hafa í höndum þegar hann gefur sig fram til að sækja um innflutningsskýrteini:

1) Lögmætt vegabrjef, stílað um ferð til Bandaríkjanna.

2) 2 óupplímdar ljósmyndir.
3) Hegðunarvottorð í 2 eintökum, ef þeirra verður aflað.
4) Aldursvottorð í 2 eintökum. (Fást hjá sóknarpresti).
5) Vottorð um að hafa ekki verið hegnt fyrir glæp, 2 eintök. Heimtað af hverjum farþega eldri en 15 ára.
6) Tryggingarbrjef í 2 eintökum (ef til eru frá vinum eða ættingjum í Ameríku).
7) Karlmenn sem þekkingu hafa á akureyrkju og garðyrkju ættu að hafa meðferðis vottorð um það, áritað af yfirvaldi, 1 eintak, og sje þar tekið fram hve lengi hann hefir unnið að þeim störfum. (Það er einkar gagnlegt að hafa slíkt vottorð, þar eð menn vanir þessum störfum og sem ætla að stunda þau i Bandaríkjunum ganga fyrir öðrum um veitingu innflutningsskýrteinis).
8) Ófullveðja menn verða, auk þess sem áður er talið, að hafa með sjer til konsúlsins yfirlýsingu í 2 eintökum frá forráðamanni sínum um það, að ferðin sje farin og umsókn send með hans vilja og vitund.

Öll áðurnefnd sönnunargögn, vottorð og ljósmyndir verður að afhenda í 2 eintökum, sjerstaklega fyrir hvern ferðamann,

með þeim undantekningum, sem áður getur, þannig að hver full orðinn hefir skjöl fyrir sig, hver unglingur og hvert kjöltubarn skjöl fyrir sig, og mega áðurnefnd vottorð um hegningu og hegðun ekki vera eldri en 3 mánaða þegar þau eru afhent konsúlnum.

e) Hver umsækjandi verður að snúa sjer persónulega til þess konsúls, sem hlut á að máli og gæta þess vandlega, að koma á þeim degi, sem konsúllinn hefir áður tekið til og hafa með sjer þau skjöl og skilríki sem nefnd eru í 2) d). Ath. Unglinga og kjöltubörn verður einnig að fara með til konsúlsins, þar eð læknisrannsókn fer fram þar.

f) Þegar lögð er fram umsókn um innflutningsskýrteini verður farþegi að vera við því búinn að gera grein fyrir eftirfarandi atriðum:

Fult og rjett nafn, aldur, kynferði, þjóðerni, fæðingarstaður og tími, heimilisföng síðustu 5 ár áður umsókn er gerð, hvort kvæntur eða giftur eða hvorugt, nafn eiginkonu eða eiginmanns, nöfn og heimilisföng ungbarna, stjett eða staða, persónulýsing svo sem hæð, útlit, háralitur og augna og sjerkenni svo sem hörundsflúr o.fl., hvaða tungumál umsækjandi getur talað, lesið

eða skrifað, nöfn foreldra, eða ef hvorugt þeirra er á lífi, þá nafn á nánasta skyldmenni í því landi, sem útflytjandi fer frá; nafn á landgönguhöfn í Bandaríkjunum, hafn á staðnum sem förinni er heitið til og hvort hann hefir farmiða þangað; hvort ferðinni er heitið til ættingja eða vina, og sje svo, þá að greina hvaða ættingi það er, geta fulls nafns hans og verustaðar; tilgangur með ferðinni til Bandaríkjanna; hve lengi útflytjandi ætlar að eiga dvöl þar; hvort hann eða annaðhvort foreldra hefir verið í hegningarhúsi eða á letigarði eða verið undir læknishendi vegna geðbilunar.

g) Hver sá, sem telur sig heyra undir einhvern flokk, sem nefndur er hjer að framan og undanþeginn er deildartölureikningi, verður að vera við því búinn að færa sönnur á það, annaðhvort með yfirvaldsvottorði eða á annan hátt.

h) Gjald fyrir innflutningsskýrteini er 10 dollarar eða nálægt 45 kr. fyrir hvern einstakling, og gildir skýrteinið venjulega í 4 mánuði frá þeim degi er það er gefið út.

Jafnskjótt og þjer hafið fengið innflutningsskýrteini, skuluð þjer tafarlaust tilkynna það afgreiðslu-

skrifstofu þess staðar, sem þjer siglið frá, geta um kennitölu (númer) skýrteinisins, hve lengi það gildir, hvar og hvenær það er gefið út, hvaða faraeyri þjer hafið, tegund farrýmis og hvaða burtfarardag þjer hafið valið.

TIL KANADA.

Þeir sem fara ætla til Kanada og stíga fyrst á land þar, verða að hafa vegabrjef sem gefið er út og gildir einvörðungu fyrir för til Kanada, en áritun á vegabrjef og innflutningsskýrteini kemur ekki til greina.

Aths. Þeir sem ferðast vilja til Bandaríkjanna yfir Kanada verða að hafa í höndum ameríkst innflutningsskýrteini áður en þeir fara hjeðan af landinu.

Fyrirmæli um alment heilbrigðisástand eru í aðalatriðum samhljóða amerískum reglum um það efni. (Sjá hjer að framan).

ÓFULLVEÐJA MENN

verða að hafa í höndum, áður en þeir leggja af stað umboð undirritað af foreldri eða forráðamanni.

Fjölritunarstofa
Pjeturs G. Guðmundssonar
Laugaveg 4 - Reykjavík